

Tillaga að ályktun um tillögur Strandanefndar

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði ályktar að mikilvægt er að ríkisstjórn Íslands taki jákvætt í þær tillögur sem lagðar voru fram í nafni Strandanefndarinnar og eru á borði ríkisstjórnarinnar. Mörg þeirra verkefna sem þar eru tilgreind, geta skipt sköpun í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem og í þeirri vegferð að efla innviði Stranda og nærumhverfis.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Strandabyggðar, **Hlíf Hrólfsdóttir**

Greinargerð:

Strandanefndin skilaði af sér mörgum góðum tillögum sem snerta sveitarfélögin á Ströndum beint en hafa engu að síður einnig mikla þýðingu fyrir Vestfirði alla. Sú staðreynd að það er forsætisráðherra sem setur nefndina á laggirnar, kallar á skýra afstöðu og ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvað varðar afgreiðslu þeirra tillagna sem nefndin lagði fram. Margar þessara tillagna eru tilbúnar til afgreiðslu, kostnaðarmetnar og aðgerðaáætlun liggur fyrir. Það má ekki dragast lengur að koma þeim í framkvæmd.